

Rekjanleg bréf innanlands

Öll rekjanleg bréf fá einkvæmt númer sem er skráð í tölvukerfi Póstsins. Skráning þeirra tryggir rekjanleika og staðfestingu á móttöku.

Pósturinn býður upp á þrjár tegundir rekjanlegra bréfa innanlands, með mismunandi afhendingarskilmálum: Afhent skráðum viðtakanda, afhent á ákvörðunarstað og afhent á pósthúsi.

Gerð er ein tilraun til útkeyrslu á rekjanlegum bréfum sem skulu afhent skráðum viðtakanda og afhent á ákvörðunarstað, þau eru tilkynnt ef ekki tekst að afhenda þau. Hægt er að nálgast þau á viðkomandi pósthúsi næsta virka dag. Þar sem ekki er heimastur eru rekjanleg bréf - afhent á pósthúsi tilkynnt og hægt að nálgast þau á viðkomandi pósthúsi samdægurs eða næsta virka dag. Við afhendingu rekjanlegra bréfa þarf alltaf að kvitta fyrir móttöku.

Stærðarmörk

Hámarksþyngd:

- Mesta þyngd: 2 kg.

Lágmarksstærð:

- Umslag: 90 x 140 mm.

Hámarksstærð:

- Lengd + breidd + hæð: 900 mm.

Þyngdarflokkar

- 0–100 g
- 101–500 g
- 501–1.000 g

- 1.001–2.000 g

Innihald

Takmarkanir á innihaldi innlendra rekjanlegra bréfa eru þær sömu og á innihaldi pakkasendinga innanlands.

Rekjanleg bréf geta innihaldið lífræn efni ýmiskonar en nauðsynlegt er að umbúnaður þeirra sé þannig að ekki hljótist skaði af við meðhöndlun.

Þjónustu- og gæðastaðlar

Rekjanleg bréf afhent skráðum viðtakanda og á ákvörðunarstað eru keyrð út til viðtakenda þar sem Pósturinn hefur heimasturskerfi.

Ef póstlagt er fyrir síðasta póstlagningartíma verður rekjanlega bréfið keyrt út fyrsta, annan eða þriðja dag eftir póstlagningu.

Gæðastaðlar Póstsins miðast við að tilraun til afhendingar bréfa sé reynd í a.m.k. 85% tilfella fyrsta dag eftir póstlagningu þar sem það er mögulegt og póstlagt er fyrir síðasta póstlagningartíma.

Sjá má síðasta örugga skilatíma fyrir hvert póstnúmer á [postur.is](https://www.postur.is)

<https://www.postur.is/einstaklingar/posthus/thjonustustig/>

Afhending

Afhending rekjanlegra bréfa innanlands er mismunandi eftir því hvaða þjónustu sendandi bréfsins hefur beðið um. Sendandi getur valið á milli þess að bréfið sé afhent eingöngu ákvæðnum einstaklingi, annað hvort í heimkeyrslu eða afhendingu á pósthúsi, eða að það sé afhent á heimilisfang viðkomandi og megi þá hver sá sem staddur er á heimilinu taka

við sendingunni. Fyrir allar tegundir þarf að kvitta fyrir móttöku.

Rekjanleg bréf í heimkeyrslu eru keyrð út til einstaklinga frá mánudegi til föstudags klukkan 17:00 – 22:00 og til fyrirtækja frá mánudegi til föstudags klukkan 9:00 – 17:00. Ef ekki næst að afhenda bréfið viðtakanda er skilin eftir tilkynning. Í þeim tilfellum má nálgast bréfið á viðkomandi pósthúsi næsta virka dag með því að framvísa tilkynningu og sýna skilríki með mynd. Tilkynningar eru sendar viðtakanda rekjanlegra bréfa sem afhendast eiga á pósthúsi við komu þeirra á pósthús. Hægt er að nálgast þau samdægurs. Viðtakandi getur einnig veitt öðrum aðila skriflegt umboð til að taka á móti bréfinu á pósthúsi fyrir sína hönd. Skriflegt umboð gildir í eitt ár nema annað sé tekið fram. Einnig verða að vera tveir vottar á umboði. Sá sem er skráður fyrir umboði verður að hafa náð 15 ára aldri. Umboð er hægt að nálgast á postur.is

Starfsmaður í framlínu fyrirtækis hefur umboð til að taka við öllum rekjanlegum bréfum þar sem fyrirtækið er skráður viðtakandi. Ekki er nauðsynlegt að biðja um skilríki. Ávallt skal kvittað fyrir móttöku.

Mismunur við afhendingu

Rekjanlegt bréf afhent skráðum

viðtakanda er eingöngu afhent skráðum



viðtakanda gegn framvísun skilríkja með mynd eða umboðsmanni hans skv. skriflegu umboði og framvísun skilríkja. Einnig verða að vera tveir vottar á umboði. Foreldrar barna yngri en 18 ára eru sjálfkrafa umboðsmenn þeirra. Sendingar sem afhentar eru skráðum viðtakanda eru strikamerktar og einkenndar með bláum miða.

Rekjanlegt bréf afhent á ákvörðunarstaðer

afhent hverjum þeim sem staddur er á því



heimilisfangi sem ritað

er á bréfið (lágmarksaldur er 15 ára til að kvitta fyrir móttöku ábyrgðarbréfs fyrir hönd annars). Sendingar sem afhentar eru á ákvörðunarstað eru strikamerktar og einkenndar með gulum miða.

Rekjanlegt bréf afhent á

pósthúsi er eingöngu afhent skráðum



viðtakanda gegn framvísun skilríkja með mynd, eða umboðsmanni hans skv. skriflegu umboði og framvísun skilríkja. Umboð er ekki geymt hjá Póstinum heldur er nægilegt að umboðsmaður viðtakanda sýni starfsmanni Póstsins það, nema á pósthúsum en þá er mögulegt að geyma umboð, þ.e. fyrir þá sem eru að koma reglulega á pósthús til að sækja sendingar fyrir annan aðila. Foreldrar barna yngri en 18 ára eru sjálfkrafa umboðsmenn þeirra. Sendingar sem afhentar eru pósthúsi eru strikamerktar og einkenndar með rauðum miða.

Þessi tegund af rekjanlegum bréfum skal afhent af landpósti og eru meðhöndluð sem „afhent á ákvörðunarstað“.

Burðargjald og póstlagningarmáti

Sömu reglur gilda varðandi rekjanleg bréf og fyrir almenn bréf nema ekki má póstleggja rekjanleg bréf í póstkassa. Ef rekjanlegt bréf er póstlagt á þann hátt er ekki hægt að tryggja að það fái rétta meðhöndlun.

Afslættir

Almennt eru ekki veittir afslættir af rekjanlegum bréfum innanlands. Mögulegt er að semja um afslætti ef magn er verulegt, póstlagt í einu og að skilyrði

séu sett að Pósturinn megi dreifa yfir fleiri virka daga en venjulegt er.

Áritun og merkingar

Sömu meginreglur gilda um áritun á rekjanlegum bréfum eins og gilda fyrir almenn bréf.

RA-Viðtökunúmer á að líma í efra vinstra horn bréfsins nema að nafn sendanda komi þar fram, þá skal velja stað á



umslaginu þar sem því verði við komið (t.d. niðri í vinstra eða hægra horni, eða undir nafni sendanda).

Geymslugjöld

Geymslugjald reiknast eftir 10 virka daga frá komudegi sendingar.

Endursendingar, áframsendingar og biðpóstur

Áframsending:

Rekjanlegt bréf má áframsenda samkvæmt beiðni viðtakanda og/eða sendanda.

Endursending/vanskilasendingar:

Ef ekki tekst að koma rekjanlegu bréfi til viðtakanda er skilin eftir tilkynning og ef hann vitjar ekki sendingarinnar innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar, er hún endursend. Ítrekun hefur þá átt sér stað einu sinni. Ef áritaður viðtakandi rekjanlega bréfsins finnst ekki og tilraunir til að finna nýtt pósthúsi viðtakanda reynast árangurslausar, þá er bréfið endursent til sendanda.

Ef sendandi er ekki þekktur er rekjanlega bréfið geymt í a.m.k. tvo mánuði en að þeim tíma liðnum er því eytt. Starfsmenn

Póstsins reyna þó ávallt að koma ábyrgðarbréfum til viðtakanda.

Biðpóstur:

Rekjanleg bréf eru ekki flokkuð sem biðpóstur eins og almenn bréf þegar greitt er fyrir biðpóstþjónustuna. Rekjanleg bréf eru tilkynnt ef enginn er heima og þá bíður bréfið í 30 daga á viðeigandi pósthúsi. Tilkynningar bíða þá með almennum bréfum sem eru í biðpósti þar til viðtakandi nálgast þær.

Skaðabætur

Ef rekjanlegt bréf tynist eða skemmist í meðförum Póstsins getur sendandi krafist skaðabóta allt að 3.500 kr.

Hægt er að tryggja verðmætari sendingar sérstaklega.

Pósturinn tekur ekki ábyrgð á óbeinu tjóni sem verður vegna seinkunar á afhendingu.

Mikilvægt er að benda á að peningar, verðskjöl og óheimilt innihald eins og t.d. fersk matvæli eru ekki skaðabótaskyld.

Viðbótarþjónusta

Viðbótarþjónusta er í boðið fyrir rekjanleg bréf. Sjá má viðbótarþjónustur á postur.is

